



Þekkingarnet Þingeyinga
Hafnarstétt 3
640Húsavík

Dagsetning 3. júlí 2024
Málsnúmer MRN24040053

Viðurkenning Þekkingarnets Þingeyinga sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 04.05.2024 – 04.05.2027

Við er til umsóknar Þekkingarnets Þingeyinga, kt. 670803-3330, dags. 25. mars 2024, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna. Félag- og vinnumarkaðsráðherra hefur, samkvæmt samningi, falið mennta- og barnamálaráðuneytinu að annast viðurkenningar fræðsluaðila í framhaldsfræðslu.

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur Þekkingarnet Þingeyinga uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir mennta- og barnamálaráðuneytið hér með Þekkingarneti Þingeyinga viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 04.05.2024 – 04.05.2027.**

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra
Áslaug Magnúsdóttir

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

F.h. ráðherra
Steinunn Birna Magnúsdóttir

Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

stjornarradid.is
545 9800